

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 149. löggjafarþings, frá 2. september 2019 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 10. september 2019.

Gjört á Bessastöðum, 28. ágúst 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 2. september 2019 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 149. löggjafarþings, frestað hinn 2. september 2019.

Forsætisráðuneytinu, 2. september 2019.

F. h. r.
Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.